

Brautryðjandinn

I

Fyrsti Íslendingurinn, sem lauk prófi í hagfræði, frá Hafnarháskóla árið 1877, var Indriði Einarsson (1851-1939). Hann er raunar betur þekktur með þjóðinni sem leikskáld. Leikrit hans, *Nýársnóttin*, var sýnt við vígslu Þjóðleikhússins árið 1950.

Eigi að síður hefur **Arnljótur Ólafsson** (1823-1904) yfirleitt verið talinn vera fyrsti íslenski hagfræðingurinn, sem höfundur fyrsta hagfræðiritisins á íslenzku. *Auðfræði* hans kom út í Kaupmannahöfn árið 1880. Þessi bók var ekki frumlegt verk, enda var það ekki ætlan höfundarins, heldur var hún aðgengileg og kjarnyrt greinargerð um hagfræði síns tíma. Hún var skrifuð einkum undir áhrifum franska hagfræðingsins **Frédéric Bastiat**, svo sem Arnljótur tekur fram í formála, en höfuðrit Bastiats, *Harmonies économiques*, hafði komið út árið 1850.

Arnljótur Ólafsson hafði lagt stund á hagfræði við Hafnarháskóla án þess að ljúka prófi í þeirri grein. Hann lærði heldur til prests og var sveitaklerkur á Íslandi alla ævi að loknu námi, auk þess sem hann sat um skeið á Alþingi nokkrar vikur í senn annað hvert sumar. Þar hélt hann fram frjálslyndum skoðunum um efnahagsmál.

Sé hún tekin gild skilgreiningin á bak við þá viðteknu skoðun, að séra Arnljótur hafi verið fyrsti íslenski hagfræðingurinn, sem höfundur fyrsta hagfræðiritisins á íslenzku, þá virðist mér heldur nær að telja Jón Sigurðsson forseta hafa verið fyrstan. Hann lauk að vísu ekki prófi í hagfræði í Höfn frekar en Arnljótur (né heldur í nokkurri annarri grein), en hann stundaði nám í hagfræði og stjórnvísindum auk sögu fornaldar og klassískrar málfræði við Hafnarháskóla á fjórða áratug síðustu aldar. Arnljótur var eins og margir aðrir ungir Íslendingar í Kaupmannahöfn skjólstæðingur Jóns Sigurðssonar á

skólaárum sínum, og mun ævilangur áhugi Arnljóts á hagfræði hafa kviknað af þeim kynnum.

Árið 1843, næstum 40 árum áður en *Auðfræði* séra Arnljóts kom út, birti Jón Sigurðsson langa og lærða ritgerð, “Um verzlun á Íslandi”, í *Nýjum félagsritum*. Í ritgerð sinni færir Jón rétt og skynsamleg rök að kostum frjálsra millilandaviðskipta með fjölbreyttum blæbrigðum. Ritgerðin ber vitni um staðgóða þekkingu hans á hagfræði og sögu síns tíma, enda átti hann og las m.a. höfuðrit eftir **David Ricardo** (1772-1822) og **Jean Babtiste Say** (1767-1832) um þjóðhagfræði.¹ Röksemdir Jóns eiga við orðréttar enn þann dag í dag sem andsvör við fávíslegum málflutningi haftaseggja. Þessi ritgerð Jóns var ekki eina ritsmið hans um hagfræði, heldur birti hann einnig *Litla fiskibók* (Kaupmannahöfn, 1859), *Litla varningsbók handa bændum og búmönnum á Íslandi* (Kaupmannahöfn, 1861), *Um fjárhagsmálið og meðferð þess á Alþingi 1865* (Reykjavík, 1867), enn aðra langa ritgerð, “Um verzlun og verzlunarsamtök”, í *Nýjum félagsritum* árið 1872 og loks *Fjárhagur og reikningar Íslands* (Kaupmannahöfn, 1875) auk fjölmargra annarra ritgerða og greina. Áður en Jón ákvað að skrifa fyrstu ritgerð sína um verzlunarmálin, velti hann því fyrir sér um hríð, hvort hann ætti e.t.v. heldur að skrifa kennslubók í hagfræði, en hann féll frá þeirri hugmynd. *Varningsbókin*, sem birtist 18 árum síðar, var þó hugsuð sem eins konar kennslubók í hagnýtri hagfræði. Dönum var vel kunnugt um hagfræðiþekkingu Jóns Sigurðssonar af skrifum hans í dönsk blöð. Það kom til tals árið 1855, að hann yrði skipaður hagstofustjóri í Danmörku, en af því varð þó ekki.²

Fyrir daga Jóns forseta skrifuðu tveir samtíðarmenn **Adams Smith** (1723-1794) markverðar ritgerðir um hagfræði á íslenzku, eina hvor. **Skúli Magnússon** landfógeti (1711-1794) birti ritgerð sína “Sveita bóndi” árið 1784 í 4. bindi Lærdómslistafélagsritanna og fjallaði um framleiðslukostnað og rekstrarhagkvæmni á þann hátt, að honum virðist hafa verið kunnugt um verk **François Quesnay** (1694-1774) og Smiths. **Hannes** biskup **Finnsson**

¹ Sjá Páll Eggert Ólason, *Jón Sigurðsson*, 1. bindi, *Viðbúnaður*, Hið íslenska þjóðvinafélag, Reykjavík, 1929, bls. 364.

² Sjá Lúðvík Kristjánsson, *Á slóðum Jóns Sigurðssonar*, Hafnarfirði, 1961, bls. 194.

(1739-1796) birti ritgerð sína “Um mannfækkun af hallærum á Íslandi” árið 1796 í 14. bindi Lærdómslistafélagsritanna og rakti þar sögu hallæra á Íslandi, orsakir þeirra og afleiðingar, frá upphafi Íslandsbyggðar til ársins 1793.³ Ólíkt ritgerð Jóns voru ritsmíðar Skúla og Hannesar ekki hlutar af meira og fjölbreyttara verki, heldur stakar, en þær voru eigi að síður mikilvægir undanfarar viðameiri verka Jóns Sigurðssonar og síðan Arnljóts Ólafssonar.

II

Fáein dæmi af málflutningi Jóns forseta úr ritgerð hans “Um verzlun á Íslandi” ættu að duga til að sýna, hversu brýnt erindi boðskapur hans á enn við nútímamenn einni og hálfri öld síðar.

Jón skildi, að efnahagsumbætur þurfa iðulega að vera róttækar, eigi þær að bera árangur. Hann segir um Jón Eiríksson (1728-1787):

Ást hans á Íslandi var svo heit og viðkvæm eins og nokkurs Íslendingis hefir verið, en hún var, ef svo mætti að orði kveða, of viðkvæm. Hann var líkur lækni þeim, sem kallaður er til sjúklings þess, sem sleginn er dauðlegu meini; hann sá án efa, hversu meinið var og hversu skera þurfti, en hann gat ekki fengið af sér að skera nógu djúpt, því hann aumkaðist yfir sjúklinginn. (*Af blöðum Jóns forseta*, Sverrir Jakobsson, ritstj., Almenna bókafélagið, Reykjavík, 1994, bls. 157.)

Jón Sigurðsson heimtaði alfrjálsa verzlun og engar refjar. Hann gerði enga fyrirvara og engar undantekningar:

... þegar verzlunin var frjáls í fornöld, þá var landið í mestum blóma. ... verzlunarfrelsið ætti að vera sem mest, og meðan nokkrir annmarkar eru slíkir eftir, sem vanir eru að fylgja verzlunaránaud, þá eru þeir hver um sig hin sterkasta ástæða frelsisins, sem reynzt hefir að öllum vonum. Ísland á hægast með að fá nauðsynjar þær, sem það þarfnast, með því að leyfa öllum, sem það geta, að færa sér þær, hvort sem þeir taka sjálfir þátt í því eða ekki. Atvinnuvegir landsins dafna svo bezt, að verzlunin sé sem frjálust, og með þeim hætti einum geta kaupstaðir komizt á fót svo í lagi fari. Allt ásigkomulag Íslands mælir þessvegna með verzlunarfrelsi. (sama rit, bls. 190.)

³ Sjá Gylfi Þ. Gíslason, *Rekstrarhagfræði*, 1. bindi, 2. kafli, Iðunn, Reykjavík, 1986. Ritgerð Hannesar biskups var gefin út að nýju árið 1970 með inngangi eftir Jóhannes Nordal. Sjá Hannes Finnsson, *Mannfækkun af hallærum*, Almenna bókafélagið, Reykjavík, 1970.

Jóni var því ljóst, að fríverzlun var ekki aðeins tæki til að bæta líf skjör þjóðarinnar, heldur einnig til að efla þéttbýlið.

Jón skildi einnig, að viðskiptafrelsi er spurning bæði um magn og gæði:

Því hafa margir tekið eftir, hversu illa og sóðalega fjöldi manna á Íslandi fer með vöru sína, og mörgum þykir sem það fari sumstaðar í vöxt; hafa og ekki allfáir föðurlandsvinir ritað um það hugvekjur. Þetta er bæði satt og það er einnig hið mesta mein landinu, því ill vara skemmir ekki aðeins fyrir sjálfri sér, heldur er hún og þeim til svívirðingar, sem selja, og kemur illum róm á landið, sem hún er frá, og alla þjóðina, fyrir óþrifnað og vitleysu. ... Verzlunarfrelsi kenndi mönnum bezt að vanda vöru sína, eins á Íslandi og í öðrum löndum ... (sama rit, bls. 200.)

Jóni Sigurðssyni var einnig ljóst samhengið á milli viðskiptafrelsis, menntunar og menningar, að viðskipti *eru* menntun:

Annar annmarkaflokkur rís af því, að verzlun Íslands er bundin við eitt land, en bægt frá viðskiptum við öll önnur lönd. Þetta er móthverft öllu eðli verzlunarinnar og allrar menntunar, því þar er grundvölluð á framför og velgengni mannkynsins, að hver býti öðrum gæðum þeim, sem hann hefir, og allir styðji eftir megni hver annan. Þegar syndgað er móti þessari reglu og boðorði náttúrunnar sjálfrar, þá er hegning viss hverri þjóð, sem það gjörir, og hegning sú er skömm og skaði hennar sjálfrar. Ekkert land í veröldinni er sjálfu sér einhlítt, þó heimsku mannanna hafi ætlað að koma sér svo við, að það mætti verða, en ekkert er heldur svo, að það sé ekki veitanda í einhverju og geti fyrir það fengið það, sem það þarfnast. En þegar það getur fengið það, og það veitir einmitt verzlunin, þá er það eins og það hefði sjálft þessi gæði. Þegar nú verzlunin er frjáls, þá leitar hver þjóð með það, sem hún hefir aflögu, þangað sem hún getur fengið það, sem hún gírnist, eða hún færir einni þjóð gæði annarrar; ... Það er auðsætt, að þegar ein þjóð færir annarri, þá verður sú undir, sem fært er, miklu framar en þegar hver þjóð flytur það, sem henni er haganlegast, og sækir, hvað hún gírnist. Sú þjóð, sem fært er, loðir við veröldina (ef svo má að orði kveða) á einum þætti, og ljós menntunarinnar lýsir henni frá einni hlið. Þetta hnekkir framförum hennar á margan hátt og gjörir hana ókunnuga veröldinni og einþykka og hleypidómasama. (sama rit, bls. 180-181.)

Hvaða skoðun ætli Jón Sigurðsson hefði haft á hugsanlegri inngöngu okkar Íslendinga í Evrópusambandið á okkar dögum? Um það er auðvitað ekki hægt að fullyrða með neinni vissu, því að Jón forseti stóð ekki frammi fyrir þeim vanda á sinni tíð. Hann lifði í öðrum heimi, þótt hugðarefni hans væru um margt býsna lík áhugamálum margra nútímamanna. Við vitum, að hann var eindreginn viðskiptafrelsisinni. Við vitum einnig, að evrópskir viðskiptafrelsisinnar á okkar dögum eru flestir hlynntir aðild lands sinna að Evrópusambandinu, því að höfuðtilgangur Sambandsins er einmitt að glæða

viðskipti og bæta lífskjör fólksins í álfunni með því móti. Fleira hangir þó á spýttunni, þar á meðal hættan, sem sumir telja, að smárikjum sé búin í allsherjarbandalagi með miklu fjölmennari þjóðum. Þeir, sem hika eða eru beinlínis andvígir aðild, orða þessa hugsun stundum svo, að stórþjóðirnar muni svelgja hinar smærri. Hvaða skoðun ætli Jón forseti hefði haft á því? Ég ætla, að eftirfarandi ummæli hans frá 1866 taki af tvímæli um það:

Þú heldur, að einhver svelgi okkur. Látum þá alla svelgja okkur í þeim skilningi, að þeir eigi við okkur kaup og viðskipti. Frelsið er ekki í því að lifa einn sér, og eiga ekki viðskipti við neinn. Frelsið kemur að vísu mest frá manni sjálfum, en ekkert frelsi, sem snertir mannfélagið, kemur fram nema í viðskiptum, og þau eru því nauðsynleg til frelssis.⁴

Jón Sigurðsson lýsir andstæðingum viðskiptafrelsis svo, að

... fáir leggi sig niður við að hugsa svo ítarlega um mál þetta, þó það sé eitt af velferðarmálum landsins, og skoði þess vegna eitt og annað, sem minnst er vert, og láti það villa sér sjónir á hinu meira; sumir þekkja ekki sögu landsins og tortryggja allar þær ályktanir, sem þaðan eru teknar og af dæmum áþekkra landa; sumir láta þá telja sér trú, sem þeir eiga mest við að sælda, og sumir eru hræddir við allar breytingar og halda fast við málsháttinn: að skjaldan fari betur þá breytt er, en gæta ekki hins: að "sami saur er verstur", og mörgu hefir verið breytt til batnaðar, bæði á Íslandi og annarstaðar. (sama rit, bls. 205.)

Hann heldur áfram:

... landsmenn þurfa ekki að óttast verzlunarfrelsi, þó þeir gæti varla flutt neitt af vöru sinni burt sjálfir fyrst um sinn, því verzlunarfrelsið bægir þeim alls ekki frá að færa sig upp á skaftið og taka smám saman meiri og meiri þátt í verzlun landsins, ef þeir gæta sín og hirða um velferð sína og framför; verzlunarfrelsið verður þeim miklu framar til upphvatningar og léttis, eins og það hefir orðið annarstaðar og að nokkru leyti á landinu sjálfu. (sama rit, bls. 207.)

Viðskiptamálin voru ekkert aukamál á dagskrá Jóns forseta, heldur voru þau mál málanna í huga hans ásamt skólamálum, en þau voru þá einnig í ólestri eins og nú.

Tólf árum eftir að ritgerð Jóns "Um verzlun á Íslandi" birtist, eða 1855, féllust Íslendingar á að taka upp fríverzlun út á við með því að afnema aldalanga verzlunareinokun Dana. Eigi að síður urðu forfeðrum okkar á

⁴ Jón Sigurðsson í ræðu og riti. Á aldarafmæli þingmennsku hans, Vilhjálmur Þ. Gíslason gaf út, Bókaútgáfan Norðri, Akureyri, 1944, bls. 329.

alvarleg mistök að því leyti, að ekki var hróflað við ýmsum þrúgandi hömlum á innlend viðskipti, verðlags- og launamyndun, hreyfanleika vinnuafls á milli staða og iðnþróun almennt. Þessi mistök hafa dregið dilk á eftir sér og hamlað framþróun efnahagslífsins í landinu allt fram á okkar daga.

III

Jón Sigurðsson eyddi öllum fullorðinsárum sínum í Kaupmannahöfn, þar sem hann bjó við óviss kjör. Hann var fræðimaður fyrst og fremst. Hann vann að athugunum á gömlum íslenskum handritum og útgáfu þeirra í Árnasafni í nærfeilt 45 ár. Það var aðalstarf hans. Hann var embættislaus, en fékk styrki til starfs síns á safninu. Í nokkur ár var hann skjalavörður í þjónustu danska ríkisins. Hann mun hafa hreyft þeirri hugmynd við fáeina vini sína og samstarfsmenn, að Íslendingar ættu að skipa verzlunarfulltrúa í Kaupmannahöfn að fengnu viðskiptafrelsi árið 1855 til að gæta hagsmuna Íslands í Höfn – og hver hefði þá verið betur til þess fallinn að gegna því starfi en hann, sem átti mestan þátt í því, að frelsið fékkst? Enginn fékkst þó til að flytja tillögu um þetta á Alþingi, svo að ekkert varð af þessu.⁵

Jón Sigurðsson sótti tvisvar um starf á Íslandi. Fyrst sótti hann um yfirkennarastöðu við Lærða skólann, þegar skólinn var fluttur frá Bessastöðum til Reykjavíkur árið 1846, en annar maður, dr. **Hallgrímur Scheving**, var tekinn fram yfir Jón. Aldarfjórðungi síðar, árið 1872, sótti Jón um rektorsembættið við Lærða skólann, eftir fráfall **Jens Sigurðssonar** rektors, bróður Jóns. Jón trúði Tryggva Gunnarssyni (1835-1917), síðar bankastjóra og alþingismanni, fyrir því, að hann þyrfti á starfinu að halda fjárhagsins vegna, en tæki hann því, þá væri lokað munninum á honum, því að hann yrði þá að hætta að rita um þau mál, sem væru yfirboðurum hans

⁵ Sjá Sverrir Jakobsson, *Af blöðum Jóns forseta*, Almenna bókafélagið, Reykjavík, 1994, bls. 23-24, og Lúðvík Kristjánsson, *Á slóðum Jóns Sigurðssonar*, Hafnarfirði, 1961, bls. 190.

andstað.⁶ Þegar umsókn Jóns hafði ekki hlotið afgreiðslu eftir eins og hálfis árs bið, dró hann hana til baka.⁷

“Mér hefir oft sárnað hvernig Íslendingum fórst við Jón Sigurðsson”, sagði Tryggvi Gunnarsson síðar af öðru tilefni.⁸

Jón Sigurðsson átti mikinn þátt í endurreisn Alþingis sem ráðgjafarþings árið 1845 eftir langt hlé. Frá 1845 til dauðadags var hann kjörinn til þingsetu fyrir Ísafjarðarsýslu, ávallt með öllum greiddum atkvæðum nema í fyrsta og síðasta skiptið. Í fyrsta skiptið, sem hann bauð sig fram, fékk hann 50 atkvæði af 52; allir kusu hann nema sóknarprestur og sýslumaður.⁹ Hann var lengstum forseti þingsins og hélt því færri ræður í þinginu en ella.

Framlag Jóns forseta er eftir á að hyggja ekki bundið við stjórnmalastarf hans, heldur munaði e.t.v. ekki minna um leiðsögn hans og framfarahvöt, sem birtist í fjölda greina hans um verzlunarmál, skólamál, sögu, lög og stjórnmal. *Ný félagsrit*, sem hann ritstýrði sjálfur um þriggja áratuga skeið og birti margar greinar sínar í, seldust þó ekki sérlega vel; upplagið var um 400 seld eintök. Ritgerðir hans þar voru þó helzta uppspretta orðstírs hans og áhrifa með þjóðinni, auk vinnu hans í Árnasafni að söfnun og útgáfu íslenzkra handrita. Hann var einnig forgöngumaður um íslenzka hagskýrslugerð.

IV

Ísland er e.t.v. eina land heimsins, þar sem faðir lands og lýðveldis var jafnframt fyrsti hagfræðingurinn. Það er umhugsunarvert, því að þessari hlið sjálfstæðishetjunnar hefur lítt verið haldið til haga í Íslandssögu þeirri, sem kennd hefur verið í skólum landsins allar götur síðan. Um þjóðernissinnann og þjóðfrelsishetjuna eru höfð mörg hástemmd orð í námsefni handa börnum og unglingum, en um alþjóðasinnann og hagfrelsishetjuna er lítið sem ekkert sagt.

⁶ Sjá Tryggvi Gunnarsson, *Endurminningar*, Reykjavík, 1918, bls. 117-118. Sérprentun úr *Tímanum*.

⁷ Sjá Sverrir Jakobsson, *Af blöðum Jóns forseta*, Almenna bókafélagið, Reykjavík, 1994, bls. 21-23.

⁸ Sjá Tryggvi Gunnarsson, *Endurminningar*, Reykjavík, 1918, bls. 121. Sérprentun úr *Tímanum*.

Þess vegna er flestum núlifandi Íslendingum ókunnugt um afstöðu Jóns Sigurðssonar til efnahagsmála og frjálsra viðskipta. Hefðu þeir vitað betur, er óvíst, hvort tekizt hefði t.d. að leggja bann við innflutningi landbúnaðarafurða skömmu eftir 1930, enda hafði frumvörpum í þá veru verið hafnað á Alþingi skömmu fyrir 1890. Bannið við innflutningi landbúnaðarafurða stendur enn að mestu leyti til mikils skaða fyrir neytendur og fyrir þjóðfélagið í heild, þrátt fyrir nýlegt GATT-samkomulag. Innflutningsbannið er að nokkru leyti táknrænt fyrir það hugarfar, sem hefur mótað hagstjórn á Íslandi allar götur síðan 1927.

Gloppótt þekking flestra Íslendinga á hugmyndum Jóns Sigurðssonar um það, hversu beri að haga frjálsu samfélagi, kann að eiga nokkurn þátt í því hiki, sem einkennir afstöðu margra Íslendinga til frjáls markaðsbúskapar enn þann dag í dag, jafnvel eftir hrun kommúnismans í Mið- og Austur-Evrópu. Áratugum saman var bankalánnum og gjaldeyri skammtað úr hnefa yfirvalda, svo að aðeins eitt dæmi sé tekið, og sóun og spilling hlutust af, eins og ævinlega við slíkar aðstæður. Og enn í dag á ríkið þrjá fjórðu hluta af eignum banka- og sjóðakerfisins, þótt ríkiseignarhald á viðskiptabönkum og sjóðum hafi yfirleitt ekki gefið góða raun, hvorki hér heima né erlendis. Landlægt virðingarleysi fyrir efnahagsmálum og hagfræði lýsir sér m.a. í því, að við höfum nýlega fengið seðlabankastjóra, sem hefur lýst því yfir, að vestrænar hagstjórnaraðferðir eigi ekki við á Íslandi. Hann eða aðrir hafa þó enga skynsamlega grein gert fyrir því, í hverju séríslensk hagstjórn ætt að felast.

Eftirfarandi saga bregður frekari birtu á þann almenna misskilning, sem hefur verið uppi um Jón Sigurðsson og hugmyndir hans.

Nokkru fyrir 1860 báðu franskir menn um leyfi til að reisa fiskvinnslustöð við Dýrafjörð. Vitað var, að Jón Sigurðsson var hlynntur þessari málaleitan Frakka, enda var það mjög í anda hans að vilja grípa þau tækifæri, sem gáfust, til að opna landið fyrir erlendum viðskiptum og fjárfestingu. Í þessu tilviki var hann sérstaklega áfram um, að Íslendingar lærðu að byggja slíkar stöðvar

⁹ Sjá Vilhjálmur P. Gíslason (útg.), *Jón Sigurðsson í ræðu og riti. Á aldarafmæli þingmennsku hans*, Bókaútgáfan Norðri, Akureyri, 1944, bls. 32.

af Frökkum og lærðu að verka fisk eins og þeir. En til að styggja ekki stuðningsmenn sína í kjördæminu og annars staðar lét hann málið ekki til sín taka opinberlega, enda logaði landið í eldheitum umræðum um beiðni Frakka. Bændur fyrir vestan og í öðrum sveitum landsins létu sitt ekki eftir liggja, heldur fordæmdu þeir ásælni Frakka á fundum og töldu sumir, að menningu og sjálfsforræði þjóðarinnar stafaði bráður háski af fyrirhugaðri fiskvinnslustöð. Leyfið var ekki veitt.

Því er þessi saga rifjuð upp hér, að **Björn Þorsteinsson** sagnfræðingur rekur hana í bók sinni *Tíu þorskastríð 1415-1976* (Sögufélagið, Reykjavík, 1976). Hann greinir réttilega frá andstöðu bænda við ósk Frakka og telur Jón forseta hafa verið í hópi þeirra, sem veittu Frökkum harða andspyrnu og hælir honum óbeint fyrir staðfestu.¹⁰ En Björn fer mannavillt: hann ruglast á **Jóni Sigurðssyni** alþingismanni í Tandraseli og Jóni forseta og eignar hinum síðar nefnda þingræðu hins fyrr nefnda um málið, svo sem ljóst er af Alþingistíðindum frá þessum tíma.¹¹

V

Jón forseti sótti að sjálfsgöðu styrk og stuðning til bænda, enda voru þeir langvoldugasta þjóðfélagsaflið um hans daga, en hann skildi nauðsyn þess að nota frjálsari viðskipti til að efla bæina, sem voru að verða til og vaxa upp við sjávarsíðuna. Hann beitti sér sjaldan í þeim málum þar sem skoðanir hans stönguðust á við viðtekið álit Íslendinga,¹² en þó lagðist hann gegn stuðningsmönnum sínum í fjárkláðamálinu, þegar hann mælti með lækningu, eins og danska stjórnin, í stað niðurskurðar nokkru fyrir 1860. Hylli hans meðal Íslendinga dvínaði verulega um tíma. Hann kom ekki til Íslands í sex ár samfleytt eftir þetta. Honum var ekki boðið til hátíðahaldanna á

¹⁰ Sjá Kjartan Ólafsson, "Áform Frakka um nýlendu við Dýrafjörð. Napóleon prins á Íslandi 1856", *Saga*, 24, 1986, bls. 147-203, og "Dýrafjarðarmálið. Jón forseti og Ísfirðingar á öndverðum meiði", *Saga*, 25, 1987, bls. 89-166.

¹¹ Þessi villa Björns Þorsteinssonar gengur aftur í nokkrum bókum, sem birzt hafa síðan. Sjá Pröstur Sverrisson, "að vernda land vort voða frá og vondum ránskap...", B.A. ritgerð í sögu, heimspekideild, Háskóla Íslands, september 1995.

¹² Sjá Guðmundur Hálfðánarson, "Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld", í *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880-1990*, Reykjavík, 1993, bls. 30.

Þingvöllum á þúsund ára afmæli Íslandsbyggðar árið 1874, undir því yfirskini að hann væri embættislaus.

Kannski vegna þess að hann sótti styrk og stuðning til bænda, tók Jón Sigurðsson aldrei afstöðu gegn vistarbandinu, sem var þó eins konar ígildi þrælahaids. Vistarbandið batt vinnumenn við einstaka bændur og jarðir, svo að vinnumönnum var ófrjálst að leita sér að annarri betur launaðri vinnu við sjávarsíðuna, þar sem bæirnir voru að vaxa úr grasi. Vistarbandið var ekki numið úr lögum fyrr en eftir árið 1890, en þó voru ýmsar hömlur áfram lagðar á flutninga vinnufólks úr sveitum að sjó og á þróun þéttbýlis yfirleitt. Enn eimdi eftir af þessum hömlum um miðja þessa öld.

Jón Sigurðsson var eigi að síður einarður þjóðfélagsgagnrýnandi. Hann segir á einum stað:

Til að bægja annmörkunum þarf að halda þeim alltaf skarpt fram og sýna hvað skaðlegir þeir sé í alla átt. Með því næst um síðir það, sem maður vill, en þögnin heldur öllu í status quo -- og status quo vitum við er afturför.¹³

Af þessum orðum Jóns öllum og öðrum skrifum má ráða, hverjum augum hann liti nú málflytning þeirra, sem halda áfram að flækjast fyrir frjálsum og heilbrigðum markaðsbúskap á Íslandi, vektu hann yfir þeim, enda segir Jón í ritgerð sinni "Um verzlun á Íslandi":

... og er ekkert hryggilegra umhugsunarefni fyrir þann, sem nokkuð hugsar um fósturjörð sína, en að sjá hvert tækifæri þannig sleppa fyrir eintóma handvömm þeirra, sem ráðin hafa ... (sama rit, bls. 169).

Viðskipta- og hagfræðingatal, 1. bindi, 1997.

¹³ Úr ræðu frá 1842. Sjá Vilhjálmur Þ. Gíslason, *Jón Sigurðsson forseti í ræðu og riti. Á aldarafmæli þingmennsku hans*, Bókaútgáfan Norðri, Akureyri, 1944, bls. 316.

Jón Sigurðsson (1811-1879)



Brjóstmynd eftir Brynjulf Bergslien (1871)